

TILSKIPUN RÁÐSINS 93/95/EBE

frá 29. október 1993

um breytingu á tilskipun 89/686/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Nauðsynlegt er að samþykkja ráðstafanir með hliðsjón af tilskipun 89/686/EBE ⁽⁴⁾ til að koma á innri markaði að því er varðar persónuhlífar.

Í 3. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar segir að þær persónuhlífar sem engir samhæfðir staðlar gilda um skulu, til bráðabirgða og fram að 31. desember 1992, heyra áfram undir innlendar reglur í aðildarríkjunum þegar tilskipun þessi öðlast gildi.

Samkvæmt upplýsingum sem fengnar eru frá aðildarríkjunum og atvinnulífínu er aðlögunartímabilið of stutt til að hægt sé að beita tilskipuninni til hlítar.

Samhæfðu staðlarnir auðvelda til muna markaðssetningu og frjálsa flutninga persónuhlífa.

Sumir samhæfðu staðlanna verða ekki tilbúnir til notkunar á þeim degi sem tilskipun 89/686/EBE öðlast gildi. Því er

ekki hægt að tryggja að hægt sé að koma á einsleitum og sameiginlegum markaði fyrir þessar vörur.

Ekki er enn að fullu búið að þróa og koma á nýju eftirlits- og vottunarkerfi og setja reglur um og ákveða fyrirkomulag sem nauðsynlegt er til að tilskipunin komi að fullu gagni.

Ef skortur er á samhæfðum stöðlum geta skapast þannig aðstæður að ekki sé nógu vel tryggt að hjálmar fyrir notendur ökutækja á tveimur eða þremur hjólum veiti nægilega vernd og að eftirlit með þeim sé ekki nægilegt. Því er hætta á að vernd einstaklinga sem verða fyrir slysum verði ófullnægjandi. Til að ekki dragi úr öryggi og eftirliti ætti að undan-skilja þessa hjálma frá gildissviði tilskipunar 89/686/EBE þangað til sérkröfur um slíka hjálma verða teknar upp.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:*I. gr.*

Tilskipun 89/686/EBE er breytt sem hér segir:

1. 3. mgr. 5. gr. falli niður;
2. síðasti undirliður a-liðar 4. mgr. 8. gr. falli niður;
3. í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

„16. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta lög og stjórnslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að ákvæðum tilskipunar þessarar fyrir 31. desember 1991. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 36, 10. 2. 1993, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 194, 19. 7. 1993, bls. 154 og ákvörðunin frá 27. október 1993 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 129, 10. 5. 1993, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 339, 30. 12. 1989, bls. 18.

Ráðstafanir þessar koma til framkvæmda 1. júlí 1992.

2. Fram að 30. júní 1995 skulu aðildarríkin ennfremur heimila að markaðssettar verði og teknar í notkun persónuhlífar sem eru í samræmi við gildandi reglur á yfirráðasvæði þeirra þann 30. júní 1992.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.;"

4. eftirfarandi 5. liður bætist við I. viðauka:

„5. Hjálmar og hjálmskyggni ætluð fyrir notendur ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnýsluákvæði til að fara að þessari tilskipun innan

þriggja mánaða frá samþykkt hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. október 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

R. URBAIN

forseti.